

✉ Umsókn um nýtingarleyfi í landi Lóns 1 og 2, Norðurþingi

Búið til	23.6.2020 08:41:53
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	23.6.2020 08:41:52
Tilheyrir	📁 202006-0008 - Umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita í landi Lóns 1 og 2 í Norðurþingi

Efni

Umsókn um nýtingarleyfi í landi Lóns 1 og 2, Norðurþingi
--

Upplýsingar

Sent	23.6.2020 08:41:52	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	os@os.is, harpa@os.is

Innihald

<p>Tilvísun í málsnr. 2020060008 (TB)</p> <p>Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 4. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Lóns 2 ehf. þar sem sótt er um leyfi til nýtingar á jarðhita í landi Lóns 1 og 2 í Norðurþingi.</p> <p>Umrætt svæði er innan svæðis nr. 532 á náttúruminjaskrá „Votlendi við Öxarfjörð – Sjávarlón og gróðurmikil grunn vötn. Stararengjar, keldur og þornaðir árfarvegir. Mikið fuglalíf.“ Svæðið er einnig hluti af tillögum Náttúrufræðistofnunar um verndarsvæði á B-hluta náttúruminjaskrár, framkvæmdaáætlun, sjá https://www.ni.is/node/21604 (https://www.ni.is/node/21604), https://www.ni.is/node/16172 (https://www.ni.is/node/16172) og https://www.ni.is/midlun/natturuminjaskra (https://www.ni.is/midlun/natturuminjaskra), sem er enn í ferli sbr. 36. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.</p> <p>Af myndum að dæma sem fylgja umsókninni virðist mega bæta umgengni á svæðinu til muna. Einnig kemur fram í umsögn Norðurþings að umrædd borhola, milli þjóðveggar 85 og lónanna, hefur verið til staðar frá því fyrir aldamót en hún er ekki innan skipulagssvæðis Lóns ehf. Norðurþing gerir ekki athugasemd við vatn úr holunni sé nýtt.</p> <p>Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að nýting á heitu vatni úr umræddri borholu verði leyft þar sem ekki er líklegt að nýtingin hafi mikil áhrif á verndargildi svæðisins umfram það sem þegar er komið fram ef öllu raski er haldið í lágmarki. Stofnunin vill hins vegar benda á að fyllsta ástæða virðist vera til að bæta umgengni á svæðinu og koma skipulagsmálum í eðlilegt horf ekki síst af þeim ástæðum að svæðið er á náttúruminjaskrá og telst mikilvægt fuglasvæði.</p>
--

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (<mailto:trausti@ni.is>)



Viðhengi

image001.gif (2 KB)